

Sólveig Ása Árnadóttir lektor, varaformaður háskólaráðs, setti fund kl. 8.15.
Mættir voru auk hennar:

Þóroddur Bjarnason prófessor, fulltrúi kennara
Sigurður Kristinsson deildarforseti, staðgengill rektors á fundinum
Baldur Guðnason forstjóri, fulltrúi menntamálaráðneytis
Hjálmar Stefán Brynjólfsson, fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún M. Kristinsdóttir, ritari rektors
Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson, forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson prófessor, formaður dómnefndar

Sólveig Ása bauð fundarmenn velkomna, bar þeim kveðjur rektors, kynnti dagskrá og fyrirkomulag háskólaráðsfundar og háskólafundar sem fara nú fram á víxl.

1. Undirbúningur fyrir háskólafund

0808067, 0808049

Ólafur Halldórsson dreifði skjali, *Reglur um breytingar á reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007, vegna breyttrar skipanar á háskólaráði, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla*, fyrir 1. lið á dagskrá háskólafundar. Fundi var frestað kl. 8.30 og haldið til háskólafundar.

Fundi var fram haldið kl. 9.30. Sigurður Kristinsson dró saman niðurstöðu háskólafundar og voru fundarmenn á háskólaráðsfundi sammála um gagnsemi umræðna og ábendinga sem fram komu á háskólafundi. Sólveig Ása bar upp *Reglur um breytingar á reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007, vegna breyttrar skipanar á háskólaráði, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla* og voru þær samþykktar samhljóða. Fundi var þá frestað og haldið á háskólafund.

Fundi var fram haldið kl. 9.50. Sigurður Kristinsson, staðgengill rektors á háskólaráðsfundi og háskólafundi, kvaðst ásamt rektor myndu ganga úr skugga um lögmæti háskólafundar í samráði við lögmann, vegna athugasemdar sem þar hafði komið fram.

2. Rekstraryfirlit janúar-ágúst 2008

Úlfar dreifði rekstraryfirliti dagsettu 8. sept. 2008. Skýrði hann stöðu einstakra deilda og stoðþjónustu miðað við áætlun. Í heild er staðan 0,5 % umfram áætlun sem er eðlilegt miðað við verðlagsbreytingar og nýja miðlæga kjarasamninga. Fyllsta aðhalds verður gætt í fjármálum á næstu mánuðum og framkvæmdastjórn verði gert að koma þeim skilaboðum áfram til annarra starfsmanna HA.

3. Fundargerð síðasta fundar

0809018

Sólveig Ása bar upp fundargerð síðasta fundar. Var hún samþykkt.

4. Dómnefndarálit

0805004, 0806133

Bragi Guðmundsson gerði grein fyrir dómnefndarálitum um tvo umsækjendur um stöðu kennara í leikskólakennarafræðum við Háskólann á Akureyri, Önnu Elísu Hreiðarsdóttur og Hermínu Gunnþórsdóttur. Anna Elísa var metin hæf. Hermína hefur gert athugasemdir við dómnefndarálitið og hefur dómnefnd svarað þeim. Eftir er að ganga formlega frá skipun Önnu Elísu í stöðuna.

5. Dómnefndarálit

0805065, 0809035

Bragi skýrði frá dómnefndarálitum um hæfi Ragnheiðar Hörpu Arnardóttur til að gegna stöðu kennara við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Niðurstaða dómnefndar var að hún væri vel hæf.

6. Dómnefndarálit

0803047, 0809036

Bragi gerði grein fyrir dómnefndarálitum um hæfi þriggja umsækjenda til að gegna stöðu deildarforseta viðskipta- og raunvísindadeildar við Háskólann á Akureyri. Þeir eru: Bjarni Gautason, Hans Kristján Guðmundsson og Magnús Örn Stefánsson, allir metnir hæfir. Hans Kristján og Magnús Örn hafa gert athugasemdir við niðurstöðu dómnefndar og hefur hún svarað báðum. Bragi vék af fundi.

Sólveig Ása bar upp dómnefndarálitin og voru þau samþykkt.

Fundarmenn ræddu nauðsyn þess að hrinda í framkvæmd vinnuferli þar sem stjórnslátt rannsókna hjá HA sér um stigamat á þeim einstaklingum sem fyrir liggur að dómnefnd meti hæfi hjá. Þetta vinnuferli ætti að nýta bæði vegna ráðninga í nýjar stöður sem og í tengslum við framgang starfsmanna innan HA. Fundarmenn beindu þeim tilmælum að staðgengli rektors að þetta vinnuferli yrði fest í sessi áður en fleiri málum verður vísað til dómnefndar. Þá var rætt að gagnlegt væri að leggja ekki einungis dómnefndargögn um umsækjendur fyrir háskólaráð og deildarfundi heldur einnig gögn sem aflað er í starfsviðtölum (s.s. framtíðarsýn) við umsækjendur ef þau eru fyrir hendi. Þetta væri í samræmi við starfsauglýsingar þar sem auglýst er eftir einstaklingum eftir ramma sem er mun víðari en það sem dómnefndarálitið kemur inn á.

7. Samingur milli menntamálaráðuneytis, Háskólans á Akureyri og Háskólaseturs Vestfjarða

0809008

Skýrði Ólafur að til hliðar við samninginn væri annar samningur milli HA og Háskólaseturs Vestfjarða. Þar kveður á um þjónustu af hálfu HA. Þóknun fyrir þá þjónustu er í hlutfalli við fjölda nemenda.

8. Erindi frá Data, félagi nemenda í tölvunarfræði

0809034

Sólveig Ása opnaði umræðu um efni bréfsins. Fundarmenn voru sammála um

fara þyrfti ákveðnar leiðir þegar draga ætti úr námsframboði, eða leggja niður nám.

Ákveðið var að fela rektor að svar bréfi Data.

Einnig að beina því til næsta háskólaráðs að taka til umræðu viðbrögð háskólans þegar séð er fram á að draga þarf úr námi eða leggja það niður. Reglur þess efnis þyrftu síðan að vera samþykktar af gæðaráði.

Baldur taldi háskólaráð geta vel við unað árangur sem náðst hefur í fjármálum Háskólans á Akureyri.

Sólveig Ása þakkaði háskólaráðsmönnum fyrir góða samvinnu og óskaði þeim velfarnaðar. Háskólaráð kemur þó saman ef þörf er á, þangað til nýtt háskólaráð hefur verið skipað. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.